

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1914
komudagur 23.4.2012

23.4.2012

Þingsályktun um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál.

Sendi hér með umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar varðandi ofangreinda þingsályktun, 120. mál.

„Bæjarráð Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemd við framkomna þingsályktun um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og tekur undir orð flutningsmanna þess efnis að með aukinni aðkomu heimamanna og starfsmanna að skipulagningu þjónustunnar megi mæta frekar þörfum sjúklinga á viðkomandi svæði. Slíkt geti stuðlað að því að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Bæjarráð Mosfellsbæjar er fylgjandi því að heilsugæslan flytjist frá ríki til sveitarfélaga“.

Með kveðju,

Stefán Ómar Jónsson
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs/ bæjarritari
Mosfellsbær